

Jafnrétti kynjanna



Nokkur grunnhugtök

„Lífið ætti að geta verið svo dásamlegt: Að vera ungur og eiga allt lífið fram undan með draumum sínum og áformum. Það ætti líka að vera jafndásamlegt, hvort sem þú ert ung kona eða ungur karl. Raunin er þó sú að margt ungt fólk er svipt réttinum til að áforma og láta sig dreyma og einnig rétti sínum til að lifa við öryggi og njóta virðingar. Það skiptir einnig sköpum hvort þú fæðist sem stúlka eða drengur. Mun meiri hættu er á því að ungar konur verði fyrir því að grundvallarmannréttindi þeirra séu brotin.“²³

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar töluðu kvenréttindakonur um að „virkja konur til þátttöku í samfélaginu“, á tíunda áratugnum var áherslan lögð á að málefni kynjanna yrðu hluti af stefnumótun og áætlanagerð.

Nú á dögum eru bæði hugtökin notuð, þ.e. „réttindi kvenna“ og „jafnrétti kynjanna“. Hvað merkja þessi hugtök og hver er munurinn á þeim? Orðalagið „mannréttindi kvenna“ er notað til að leggja áherslu á það að réttindi kvenna eru mannréttindi, réttindi sem konum einfaldlega ber að njóta vegna þess að þær tilheyra mannkyninu. Málefni kvenna verða þar með eitt af baráttumálum mannréttindahreyfingarinnar og jafnframt verða mannréttindi meðal baráttumála kvannahreyfingarinnar.

Jafnrétti kynjanna merkir að karlar og konur hafi jafnmikið vald og séu virkir og sýnilegir þátttakendur á öllum sviðum, jafnt í opinberu lífi sem einkalífi. Ekki skal líta á jafnrétti kynjanna sem andstæðu kynjamismunar heldur kynjamismununar. Með því er stuðlað að fullri þátttöku kvenna jafnt sem karla í samfélaginu. Stöðugt þarf að berjast fyrir jafnrétti kynjanna, standa vörð um það og stuðla að því, rétt eins og mannréttindum.

Hugtakið „kyn“ vísar til félagsmótaðra hlutverka kvenna og karla sem þeim eru tileinkuð vegna kynferðis þeirra. Kynhlutverk fer því eftir tilteknu félags- og efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu samhengi og mótast einnig af öðrum þáttum, svo sem kynþætti, uppruna, stétt, kynhneigð og aldri. Kynhlutverk eru áunnin og afar mismunandi eftir menningarheimum. Ólíkt líffræðilegu kynferði getur kynhlutverk breyst.

„Umræðan um félagsmótun og staðalmyndir afhjúpaði hin „gömlu“ mynstur og ruddi braut nýjum mynstrum á sviði sjálfsmyndar og séreinkenna. „Ný“ félagsmótunarmynstur hafa komið fram en þau kunna að fela í sér svipaðar staðalmyndir með svipuðum afleiðingum og áður. Ekki er víst að áhrif fjölskyldu, skóla og vinnustaðar séu eins ríkjandi og þau voru, en nýir straumar á sviði upplýsingatækni og blómlegur afþreyingariðnaður (í tónlist, fjölmiðlum og sjónvarpi) virðist stefna í sama far og áður, þ.e. stuðla að félagslegu valdi karla og undirokun kvenna.“²⁴



Er auðvelt fyrir karlmenn að aðlaga sig þeim breytingum sem aukin réttindi kvenna hafa haft í för með sér?

Tengd verkefni

- Mismunandi laun, bls. 180.
- Heimilisofbeldi, bls. 119.
 - Kvenhetjur og karlhetjur, bls. 145.
- Hvað með kynlífið?, bls. 128.
 - Leiðin til „Jafnréttislands“, bls. 151.
 - Hverjir eru ég?, bls. 139.
 - Vinna og börn, bls. 253.

Dæmi um brot á réttindum kvenna

Heimilisofbeldi

Algengasta ofbeldi sem konur verða fyrir fer fram innan veggja heimilisins. Heimilisofbeldi hefur um árabíl verið talið einkamál sem hvorki ríkið né dómskerfið eigi að blanda sér í. Heimilisofbeldi er ekki einungis andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart þeim konum sem fyrir því verða, og þar með hreint brot á mannréttindum þeirra, það er einnig glæpsamlegt hátterni.

Tölfræðilegar niðurstöður sýna að líklegra er að konur verði fyrir barsmíðum, árásum eða verði jafnvel myrtar af maka sínum eða fyrrverandi maka en nokkurri annarri manneskju.

- 20% til 50% kvenna í Evrópu eru fórnarlömb heimilisofbeldis; það er mismunandi eftir löndum hver fjöldi þeirra er.
- Heimilisofbeldi á sér stað í öllum samfélags- og aldurshópum.
- Heimilisofbeldi er af ýmsu tagi: líkamlegt, kynferðislegt, andlegt og kerfisbundið.
- Fimmta hver kona verður fyrir kynferðisofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni. Fórnarlömbin eru á aldrinum tveggja mánaða til níu ára.
- 98% ofbeldismanna eru karlmenn og 50% þeirra eru kvæntir eða í sambúð.
- 70% nauðgana eru skipulagðar árásir og aðeins 3% ofbeldismanna teljast ekki vera í andlegu jafnvægi.
- Hópnauðgunum fer fjölgandi.
- Tölur sýna að ofbeldi gegn mjög ungum stúlkum verður stöðugt algengara.

„Tölfræðilegar niðurstöður afhjúpa mikinn vanda, sama hvert litið er í heiminum ... Ekkert land eða landsvæði fer varhluta af heimilisofbeldi.“ Svo segir í UNICEF-skýrslu um heimilisofbeldi gegn konum og stúlkubörnum sem kom út árið 2000. Þar var í fyrsta sinn reynt að vekja athygli á að hér væri um alþjóðlegt vandamál að ræða.

Mansal kvenna og stúlkubarna

Á ári hverju eru milljónir karla, kvenna og barna fórnarlömb mansals í heiminum, svipaður fjöldi og á tímum þrælasólnunnar. Þar á meðal eru mörg þúsund ungar konur og stúlkur sem hefur verið freistað með gylliboðum eða verið rænt og þær seldar til að stunda vændi og annars konar kynlífsþjónustu. Hnattvæðing og nútímatækni hafa gert slíkt athæfi enn auðveldara en ella. Ástæðurnar að baki mansali eru m.a. fátækt, atvinnuleysi og menntunarskortur; allt þetta neyðir fólk til að taka áhættu í þeirri von að það öðlist betra líf. Meðal áhyggjuefna í iðnaðarríkjunum er hvernig menn þar „nota ódýrt vinnuafli sem ekki hefur verið skráð og misnota konur og börn í vændi og klámiðnaði.“²⁵

Mansal er engin nýlunda en sala á auðtrúa og örvæntingarfullum ungum konum til kynlífsþjónustu er sú glæpastarfsemi sem hraðast hefur breiðst út um heiminn. „Sölustarfsemi milli tiltekinnar þróunarlanda (Norður- og Mið-Afríku, Rómönsku Ameríku og Asíu) og áfangastaða á Vesturlöndum heldur áfram. En það sem mestum áhyggjum veldur ... er sá sívaxandi fjöldi kvenna og barna sem fluttur er frá Mið- og Austur-Evrópulöndunum til Evrópubandalagslandanna. Talið er að allt að 120.000 konur og börn séu seld til Vestur-Evrópu á ári hverju.“²⁶ Árum saman hefur mansal á konum og börnum – og fólki yfirleitt – verið það vandamál sem efst hefur verið á baugi hjá Evrópuráðinu.

Limlesting á kynfærum kvenna

Limlesting á kynfærum kvenna hefur áhrif á líf um 130 milljóna stúlkna og kvenna og er algeng-

Lykildagsetningar

8. mars

Alþjóða kvennadagurinn

25. nóvember

Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum

Tvær milljónir lítilla telpna í heiminum eru limlestar á kynfærum á hverju einasta ári, til viðbótar 130 milljónum limlestra kvenna.²⁷

astur í Afríku. Limlestingin er menningarlegt fyrirbæri sem er konum hættulegt, brýtur á mannréttindum þeirra og hefur áhrif á líkamsstarfsemi þeirra, heilsufar og kynlíf. Þar sem það eru fyrst og fremst stúlkubörn sem eru limlest á þennan hátt varðar málið einnig réttindi barna.

Á áttaksvæðum ...

Á undanförunum árum hefur verið tilkynnt um ofbeldi gegn konum í Bosníu, Kambódíu, Tsjetsjeníu, Haítí, Perú, Sómalíu, Sierra Leone, Austur- og Vestur-Tímor, og öðrum áttaksvæðum heims. Alþjóðasamfélagið verður einhvern tímann að finna aðra laus en þá fáu til þess skipuðu alþjóðlegu glæpadómstóla – svo sem þá sem tekið hafa á málum í Júgóslavíu og Rúanda. Þeir eru bæði gagnlegir og nauðsynlegir en eru greinilega ófærir um að standa vörð um réttindi kvenna.

Þing Evrópuráðsins

„harmar að þó að viðurkennt hafi verið að nauðgun sé stríðsglæpur er slíku ofbeldi stöðugt beitt kerfisbundið – og var til dæmis beitt í Kosovó og Tsjetsjeníu – sem stríðsvopni sem veldur ekki einungis sálrænum áföllum, heldur einnig þungun gegn vilja.“²⁸

? Hvað er hægt að gera til að binda enda á ofbeldi gegn konum og stúlkum?

Alþjóðlegir mannréttindasamningar

Frá því að Sameinuðu þjóðirnar héldu fyrstu heimsráðstefnuna um málefni kvenna (í Mexíkó árið 1975) hefur mikið áunnist í jafnréttismálum.

Prúnarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM) var stofnaður árið 1976 til að styrkja nýjungar og breytingar í þágu kvenna. Síðan þá hefur sjóðurinn styrkt fjölda verkefna og frumkvöðlastarf um allan heim og stuðlað að því að efla þátttöku kvenna í stjórnámum og á efnahagslegu og félagslegu sviði.

Fyrsti lagalega bindandi alþjóðasáttmálinn sem bannaði mismunun gagnvart konum og knúði á um að stjórnvöld stuðluðu að jafnrétti kvenna er Alþjóðasamningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum („Women’s Convention“ eða CEDAW). Hann var samþykktur árið 1979 og gekk í gildi árið 1981.

Markmið samningsins er að afnema alla mismunun gagnvart konum eins og kveðið er á um í 1. grein hans: „...mismunun gagnvart konum, hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnamála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.“ Aðildarríkjum samningsins ber að birta reglubundið skýrslur um að honum sé fylgt.

Á undanförunum áratug hefur spottið fram alheimshreyfing til að vekja athygli á þeim takmörkunum á mannréttindum að líta á réttindi kvenna sem óæðri öðrum mannréttindamálum.

Árið 1999 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valfrjálsa bókun við CEDAW sem nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum hafði sett fram. Bókunin tók gildi árið 2000. Hún markar mikilvæg tímamót hvað varðar réttindi kvenna þar sem hún kveður á um að konur geti, sem einstaklingar eða hópur, sent ásakanir um mannréttindabrot beint til nefndarinnar um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þar er nefndinni einnig veitt umboð til að rannsaka mál þar sem brotið er gegn réttindum kvenna á alvarlegan eða kerfisbundinn hátt, hvar sem er í heiminum. En bókunin er þó takmörkunum háð þar

„Mismunun og misskipting milli kvenna og karla á sviði mannréttinda stangast á við grundvallarreglur lýðræðisins.“

Ályktun Evrópuráðsþingsins 1216 (2000).

sem ríki sem eru að fullgilda hana geta hafnað beiðni nefndarinnar um rannsókn á brotum á réttindum kvenna í sinni lögsögu.

Innan Evrópuráðsins er litið á jafnrétti kvenna og karla sem grundvallarmannréttindi og það er stýrinfélag um jafnrétti karla og kvenna (CDEG) sem fer með þann málaflokk.

Þetta er milliríkjanefnd innan ráðsins sem stendur fyrir greiningum, rannsóknum og mati, skilgreinir stefnumál og pólitískar aðgerðir og tekur ákvarðanir, ef nauðsyn krefur, um löggæringa.

Á fjórðu alþjóðlegu ráðstefnunni um málefni kvenna, sem haldin var árið 1995 í Peking í Kína, komu saman um 47.000 manns, konur og karlar, og allt til þessa er þetta fjölsóttasta ráðstefna fulltrúa ríkisstjórna og frjálsra félagasamtaka sem haldin hefur verið á vegum Sameinuðu þjóðanna. Á þessum sögulega fundi samþykktu 189 lönd einróma Peking-yfirlýsinguna og aðgerðaáætlunina þar að lútandi. Stjórnvöld viðkomandi ríkja skuldbundu sig til að efla jafnrétti kynjanna í mótun allra stefnumála sinna og áætlana. Eftirfarandi tólf brún umfjöllunarefni voru skilgreind: fátækt, menntun og starfsþjálfun, heilbrigðismál, ofbeldi gegn konum, vopnuð átök, efnahagsmál, völd og ákvarðanatök, jafnrétti kynjanna innan stofnana, mannréttindi, fjölmiðlar, umhverfismál og málefni ungra stúlkna.

Menntun ... lausn vandans

Afar mikilvægt er að viðurkenna ekki einungis réttindi, heldur efla réttindi. Allir sem annast mannréttindafræðslu þurfa að taka tillit til þess hve viðkvæm þessi mál geta verið og virða mismunandi þarfir og viðbrögð kvenna. Annars er hætt við að mannréttindafræðsla snúist upp í enn eitt form kúgunar eða valdeitingar gegn konum. Menntun er megingrundvöllur kynjajafnréttis því að hún er lykillinn að samfélagslegum breytingum og aukinni þekkingu og færni.

„Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi og efling kynjajafnréttis krefst menntunar og virkrar hlutdeildar allra samfélagshópa, einkum ungra kvenna og karla og fólks úr minnihlutahópum, allt frá upphafi.“³⁰



Beinir þú sjónum að málefnum kynjanna í starfi þínu sem kennari eða æskulýðsforingi?

Heimildir

Connell, R. W., *Gender and power*, Stanford University Press.
Mertus, J., Flowers, N., Dutt, M., Local action, global change, UNIFEM and the Center for Women's Global Leadership, 1999.
Williams, S., and others, The Oxfam gender training manual, Oxfam Publication, 1994.
Ramberg, I. Violence against young women in Europe, seminar report, Evrópuráðið, 2001.

Nokkur vefsvæði með upplýsingum um málefni kvenna

OECD-DAC Gender, www.oecd.org/dac/gender
United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation (Unesco), www.unesco.org
United Nations Statistics Division Gender Statistics, www.un.org/depts/unsd/gender
United Nations Development Fund for Women (UNIFEM), www.un.org/unifem
Women Watch, www.un.org/womenwatch
European Women's Lobby (EWL), www.womenlobby.org
Women Against Violence Europe (Wave Network): www.wave-network.org
Men Against Violence Against Women (MAVAW), <http://mrnagainstviolence.trpod.com>
Young Women from Minorities (WFM), www.wfmonline.org
www.oecd.org/dac/gender

Höfuðvandinn er sá að hin viðtekna skilgreining á jafnrétti er hið þrönga lagalega jafnrétti og það veitir ekki ávallt vernd gegn mismunun. Annar vandi er fólgin í því að konur hafa í áranna rás orðið að vinna að þessum málum utan meginstrauma samfélagsins. Þriðji vandinn er að í flestum löndum standa konur höllum fæti gagnvart ákvörðunarvaldinu.²⁹